

Minnisblað 16. nóvember 2016

1610411 – Fyrirspurn, starfshópar frá september 2014, fjöldi

Á fundi bæjarráðs 27.10.2016 lagði Margrét Gauja Magnúsdóttir fulltrúi Samfylkingar fram svohljóðandi fyrirspurn:

Starfshópar - fyrirspurn

1. Hvað hafa margir starfshópar verið settir á laggirnar síðan 1.september 2014 til 1. nóvember 2016
2. Hver hefur verið kostnaðurinn við starfshópana?
3. Hvaða starfshópar hafa lokið sínum verkefnum og skilað af sér niðurstöðum?
4. Hversu margir hafa fundað oftari en upphaflega var áætlað, hver er kostnaðurinn við þá framúrkeyruslu?

Á því tímabili sem tiltekið er í fyrirspurninni hafa, skv. upplýsingum frá sviðsstjórum, verið settir á stofn 21 hópur sem kjörnir fulltrúar sitja í, sjá meðfylgjandi töflu. Ekki eru taldir ýmsir starfshópar, yfirleitt óformlegir, sem eingöngu eru skipaðir starfsmönnum og því ekki launaðir sérstaklega.

Tilgreindur kostnaður er launakostnaður. Heildarkostnaður sem hefur verið greiddur er um 6,3 m.kr. (ath. að launatengd gjöld eru áætluð 16%) en bent skal á að nokkur kostnaður er væntanlega ógreiddur þar sem skilagreinar vegna allnokkra funda hafa ekki borist til launadeildar og því ekki verið greitt fyrir þá. Ekki er hér farið út í að áætla kostnað vegna þessa.

Sex hópar hafa lokið störfum þ.e. (1) Verkefnishópur vegna stofnunar Markaðsstofu Hafnarfjarðar, (2) Jafnréttisáætlun, (3) Starfshópur um Flensborgarhöfn, (4) Mannauðsstefna, endurskoðun, (5) Starfshópur um heilsdagsskóla, fristundastyrki og frístundaakstur og (6) Starfshópur um skóla á Völlum. Þá hefur starfshópur um skóla í Skarðshlíð skilað niðurstöðum en ekki verið slitið formlega.

Tveir hópar, (1) Jafnréttisáætlun og (2) Krísuvík, framtíðarnotkun, funduðu oftari en upphaflega var gert ráð fyrir en fengu (í samræmi við erindisbréf) samþykki bæjarráðs fyrir því. Þá hefur skólastefnuhópur haldið 17 fundi í stað 10 en þar sem augljóslega er ekki búið að greiða fyrir alla fundi þess hóps er ekki hægt að tiltaka kostnað vegna þess. Starfshópur um heilsdagsskóla, fristundastyrki og frístundaakstur hélt 16 fundi í stað 10 og er kostnaður vegna þess áætlaður u.þ.b. 300 þús.kr. Ekki er alltaf tilgreint í erindisbréfi hversu marga fundi starfshópur hefur heimild til að halda.

Kristján Sturluson
sviðsstjóri stjórnarsýslusviðs

Starfshópur, viðfangsefni/heiti	Ráð sem setti hóp af stað	Stofnaður	Starfstími og staða	Máls.nr.	Launakostnaður sem hefur verið greiddur (+ 16% launatengd gjöld)
Verkefnishópur vegna stofnunar Markaðsstofu Hafnarfjarðar	Bæjarstjórn	Apríl 2015	Hefur lokið störfum með stofnun Markaðsstofu Hafnarfjarðar.	1502214	1.410.072
Hótel í miðbæ Hafnarfjarðar	Bæjarráð	Mái 2015	Hefur haldið þrjá fundi.	1501455	98.244
Jafnréttisáætlun	Bæjarráð	Nóvember 2015	Hefur haldið átta fundi. Áttu upphaflega að vera fimm en bæjarráð fól hópnum frekari verkefni og þ.a.l. þurfti fleiri fundi. Hefur lokið verkefni sínu	1510229	407.006
Krýsuvík, framtíðarnotkun	Bæjarráð	Mái 2015	Er að störfum, fékk leyfi bæjarráðs til að starfa lengur og halda fleiri fundi en upphaflega var áætlað. Hefur haldið 10 fundi.	1504338	731.635
Starfshópur um endurskoðun á félagslegu leiguhúsnæði í eigu og umsjá Hafnarfjarðarbæjar	Fjölskylduráð	September 2015	Hefur fundað sex sinnum og liggur fyrir að hann skili af sér niðurstöðum innan nokkurra vikna.	1510413	263.300
Verkefnastjórn um uppbyggingu hjúkunarheimilis við Sólvang	Fjölskylduráð	Júlí 2015	Verður starfandi þar til framkvæmdum er lokið við heimilið væntanlega vorið 2018. Verkefnastjórnin hefur fundað 21 sinni.	1506568	1.321.545
Starfshópur um heilsdagsskóla, frístundastyrki og frístundaakstur	Fræðsluráð og Fræðsluráð	Nóvember 2014	Hélt 16 fundi en hafði heimild fyrir 10. Skilaði af sér í apríl 2016. Kostnaður við umframfundi u.þ.b. 300 þús.	1408292	835.054
Starfshópur um dagforeldra	Fræðsluráð	Febrúar 2016	Hefur haldið sex fundi og á eftir að halda einn fund.	1511157	42.105
Starfshópur um skóla í Skarðshlíð	Fræðsluráð	Janúar 2016	Hefur haldið sjö fundi. Hefur skilað af sér niðurstöðum en hópnum hefur ekki verið slitið formlega.	1601686	98.243
Skólafestefnuhópur	Fræðsluráð	Janúar 2015	Hafa verið haldnir 17 fundir en gert ráð var ráð fyrir 10.	1510104	154.383
Starfshópur um uppbyggingu Ásvalla	Umhverfis- og framkvæmdaráð	Desember 2014	Haldnir hafa verið 15 fundir og hefur til dagsins í dag verið greitt fyrir 10 en 5 eru í launavinnslu (um 380 þús.).		506.289
Starfshópur um Flensborgarhöfn	Hafnarstjórn og Skipulags- og byggingaráð	Janúar 2015	Lauk störfum vorið 2016		478.848
Starfshópur um skipulag Flensborgarhafnar	Hafnarstjórn og Skipulags- og byggingaráð	Október 2016	Hefur haldið þrjá fundi.		Hefur ekki sett inn skilgrein
Starfshópur um húsnæðisáætlun og stofnframlög	Bæjarráð	Mái 2016	Hefur fundað þrisvar sinnum og lýkur væntanlega störfum innan nokkurra vikna.	1604079	Hefur ekki sett inn skilgrein
Upplýsingastefna	Bæjarráð	September 2016	Er að störfum, hefur haldið fjóra fundi.	1609090	Hefur ekki sett inn skilgrein
Starfshópur v. ferðaþjónustu	Bæjarráð	Júlí 2016	Er að störfum, hefur haldið fjóra fundi.	1606249	Hefur ekki sett inn skilgrein
Heilsueflandi samfélag	Bæjarráð	Mái 2016	Er að störfum, hefur haldið fimm fundi.	1503055	Hefur ekki sett inn skilgrein
Mannauðsstefna, endurskoðun	Bæjarráð	Júní 2015	Hélt þrjá fundi, hefur lokið störfum.	1402389	Hefur ekki sett inn skilgrein
Starfshópur um skóla á Völlum	Fræðsluráð	Ágúst 2015	Hélt fjóra fundi. Lauk störfum 16.12. 2015.		Hefur ekki sett inn skilgrein
Starfshópur um frístundaakstur	Fræðsluráð	September 2016	Hefur haldið einn fund.	1406405	Hefur ekki sett inn skilgrein
Starfshópur um gjaldfrjálstan leikskóla.	Fræðsluráð	Febrúar 2016	Hefur haldið tvo fundi.	1602430	Hefur ekki sett inn skilgrein
				Samtals	6.346.723